

## GJALDSKRÁ

### Ferðamálastofu.

1. gr.

*Gjöld fyrir afgreiðslu umsókna um lán úr Ferðaábyrgðasjóði.*

Fyrir meðferð umsóknar um lán úr Ferðaábyrgðasjóði greiðir lántakandi til Ferðamálastofu 1% af lánsfjárhæðinni í umsýslugjald og kr. 15.000 vegna þjónustugjalds Landsbankans vegna greiðslu-  
miðlunar lánsins.

2. gr.

*Framkvæmd greiðslu umsýslu- og þjónustugjalds.*

Umsýslugjald Ferðamálastofu og þjónustugjald Landsbankans leggst við höfuðstól láns.

3. gr.

*Gildistaka og lagaheimild.*

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt heimild í ákvæði til bráðabirgða við lög um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, nr. 95/2018, sbr. lög nr. 78/2020, öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 24. júlí 2020.*

F.h. Ferðamálastofu,

**Skarphéðinn Berg Steinarsson** ferðamálastjóri.